

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 501/2006,
fyrir Gjafasjóð Dvalarheimilisins Höfða.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

Nafnbreyting á skipulagsskrá Gjafasjóðs Dvalarheimilisins Höfða.
Nafn stofnunarinnar verður nú Gjafasjóður Höfða.

2. gr. orðist svo:

Markmið sjóðsins er að ráðstafa gjafafé er sjóðnum berst, einkum með því að kaupa tæki og búnað sem nýtist heimilisfólki Höfða með sem beinustum hætti, svo sem kaupum á stoðtækjum, húsbúnaði og munum til dægrastyttingar og einnig til greiðslu fyrir ýmsa afþreyingu svo sem fjölmíðla, skemmtanir og viðburði á Höfða.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Dvalarheimilisins Höfða staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 23. mars 2012.

Ríkarður Mátsson.

Birkir Már Magnússon.